



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands í borgarráði um álagsgreiðslur til starfsfólks í leik- og grunnskólum vegna Covid

Á fundi borgarráðs 24. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Stendur til að greiða framlínustarfsfólki sem starfar í leik- og grunnskólum álagsgreiðslur vegna covid? ? Ef það stendur ekki til að gera slíkt, hver eru rökkin fyrir því?

Svar:

Kórónuveirufaraldurinn hafði svo sannarlega víðtæk áhrif á einstaklinga og störf víða um samfélagið, ekki síst í heilbrigðisgeira og í skóla- og frístundastarfi. Á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs voru stjórnendur hvattir til að leggja kapp á að gera sitt besta til að draga úr álagi á starfsstöðvunum. Það var meðal annars gert með því að nýta mögulegan sveigjanleika sem myndaðist, t.d. við hólfanir, og eins var verkefnum forgangsraðað og einhverjum frestað til að draga úr álagi. Fundahöld voru í lágmarki og í grunnskólum var m.a. áhersla lögð á að nýta möguleika fjarsamvinnu kennara við undirbúning kennslu. Þá lögðu stjórnendur áherslu á að sýna starfsfólki þakklæti og stuðning, svo sem með glaðningi í kringum jól og páska, óvæntum viðburðum, veitingum á starfsstaðnum og fleira. Lögð var áhersla á teymisvinnu kennara og starfsfólks og hvatt til jákvæðra viðhorfa til að létta álag og horfa björtum augum til framtíðar.